

**Ed.**

### **810. Tillaga**

til þingsályktunar um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar og við vélgæzlu á gufuskipum og mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lög nr. 40 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar, og lög nr. 49 27. júní 1925, um breyt. á þeim lögum. Sömuleiðis lög nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum, og lög nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum, svo og önnur lög og reglugerðir, sem eru í nánu sambandi við þessa löggjöf.

Endurskoðun þessi sé framkvæmd svo tímanlega á næsta ári, að unnt verði að leggja frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi 1935.

**Greinargerð.**

Lögin um atvinnu við siglingar eru nú 12 ára gömul, með þeim breytingum, sem á þeim voru gerðar þremur árum síðar, en þær voru í því fólgnar,

að réttur smáskipaprófsmanna var aukinn frá 30 rúmlestum upp í 60 rúmlestir. Þótti þessi ráðstöfun orka nokkurs tvímælis á þeim tíma, frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja gera fyllri kröfur til þekkingar og menntunar skipstjóraefna. Á þessu tímabili er ekki hægt að segja, að fiskiskipin hafi stækkað frá því, sem áður var, því á þeim tíma, sem seglskipin (kúttarnir) voru notuð til fiskveiða, var yfirleitt um hærri rúmlestatölu að ræða á fiskiflotanum. Var þá krafizt af skipstjóraefnum, að þeir tækju hið almenna fiskimannapróf til þess að öðlast rétt til skipstjórnar á þeim. Á seinni árum hafa seglskipin horfið úr sögunni og vélskipin komið í þeirra stað. Stærð þessara skipa fer óðum vaxandi, og sú stefna er mjög uppi að nota til fiskveiða mótorskip, allt að 100 rúmlesta, og nokkur skip eru þegar til, sem eru yfir 60 rúmlestir. Vegna þessa hafa komið fram kröfur frá þeim mönnum, sem hafa þau réttindi, er smáskipaprófið veitir, að með undanþágu sé hægt að veita réttindi til skipstjórnar á skipum allt að 150 rúmlestir. Gegn þessari kröfu hafa komið fram hörð mótmæli frá þeim stóra hóp manna, sem hafa réttindi að lögum til skipstjórnar á skipum yfir 60 rúmlestir. Í þeim hópi eru margir ungir og röskir menn og ennfremur aðrir á miðaldra skeiði, sem hafa skipstjórn með höndum og hafa reynzt vel í starfi sínu. Þessir menn telja sér órétt gerðan, ef smáskipaprófsmönnum er veittur sá réttur, sem þeir nú hafa að lögum. Fulltrúar þessara manna hafa mætt á fundi nefndarinnar og fært fram mikilvæg rök fyrir því, að lög um atvinnu við siglingar þurfi að endurskoða, og er nefndin á þeirri skoðun, að þá leið eigi að fara. Aftur á móti er nefndin andvíg þeirri stefnu, sem felst í frv. til laga um atvinnu við siglingar, því er liggur fyrir Ed., að ráðherra sé heimilað að veita einstökum mönnum undanþágu frá gildandi lögum. Undanþágur eru yfirleitt óvinsælar öðrum en þeim, sem þær hljóta, og því miður lítil trygging fyrir því, að hinir allra hæfustu úr hópi smáskipaprófsmanna verði fyrir valinu. Því geta valdið margskonar ástæður, sem óþarft er að tilgreina.

Hvaða stefnu skuli upp taka í nýrri löggjöf í þessum málum, vill nefndin ekki taka afstöðu til. Telur hún réttara, að reyndir og hæfir menn innan skipstjórastéttarinnar geri tillögur þar um. En það eitt er víst, að marka verður í nýrri löggjöf aðrar línur um þekkingarskilyrði með tilliti til skipstjórnarréttinda, miðað við stærð skipa, en nú er, og með hliðsjón af þeim siglingum, er skipum er ætlað að annast. Mætti taka til hliðsjónar löggjöf nágrennaþjóða okkar um þetta efni, sérstaklega Norðurlanda, Bretlands o. fl., sem reka fiskveiðar.

Þá hefir nefndin haft til meðferðar lög um atvinnu við vélgæzlu á mótorskipum, sem hún hefir afgreitt. Í umræðum á fundum nefndarinnar komu fram eindregnar óskir af hálfu fulltrúa mótormanna og fulltrúa Vélstjórafélags Íslands, að nefndin gerði tillögur um, að hvortveggja þessi lög yrðu endurskoðuð og samræmd betur en nú er, og skýrar markalínur settar í nýrri löggjöf um réttindi þeirra manna, sem stunda atvinnu á mótorskipum og gufuskipum, og hvers krefjast ætti í undirbúningi til hvorstveggja starfsins. Nefndin er þess fullviss, að öll nauðsyn sé á þessu, og gerir því sameiginlega tillögu um endurskoðun laganna.

Þess er vænzt, að fullt tillit verði tekið til allra þeirra aðilja, sem hin nýja löggjöf kemur til að ná til. Um endurskoðun vèlgæzlulaganna gerir nefndin ráð fyrir, að ríkisstjórnin taki sér til ráðuneytis hina hæfustu menn af hálfu vèlstjóra og mótormanna, eða leiti álits stéttarféлага þeirra og til-lagna.

Endurskoðun þessari þarf að vera lokið svo snemma, að hægt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta þing.